99. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn fimmtudaginn 3. nóvember 2022, kl. 12:00, að Hlíðahjalla 10.

Mætt voru: Kristín Amý Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Friðrik Ómarsson og Katrín Helga Reynisdóttir. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur
Formaður setti fundinn klukkan 12:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar
Fundargerð 98. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Hlíðarsmári 10, leigusamningur
Fundurinn var haldinn að Hlíðasmára 10, í húsnæði sem Markaðsstofunni stendur til boða að leigja fyrir starfsemi sína. Leigusali er Fasteignafélagið Ögur ehf.
Stjórnarmenn skoðuðu húsnæðið og ræddu í framhaldi kosti þess og galla fyrir starfsemi Markaðsstofunnar og Skóp. Framkvæmdastjóri gerði tillögu að skipulagi starfsemi Skóp í húsnæðinu og fór yfir þær breytingar sem gera þarf. Annars vegar þarf að setja upp vegg til að skipta opnu rými í tvö hólf og mun sú framkvæmd vera á kostnað Markaðsstofunnar og hins vegar þarf að bæta við salerni, sem leigusali mun framkvæma og kosta.
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur að verðskrá fyrir þátttakendur Skóp þar sem lagt er til að mánaðargjald fyrir aðstöðu í opnu rými hækki úr 10.000,- kr. á mánuði í 15.000,- kr. og að leiga fyrir afmarkaða bása og lokuð rými verði byggð á stærð rýma í m2. Útreikningar gera ráð fyrir að leigutekjur í upphafi verði um 450.000,- kr. á mánuði og geti hækkað í allt að 700.000,- kr. síðari hluta árs með bættri nýtingu og eðlilegri verð aðlögun. Stjórn var sammála um að stefna skuli að því að leigutekjur standi undir kostnaði við húsleigu og rekstrarkostnað húsnæðis og kaffistofu.
Umræður urðu um leigusamning sem lagður var fram og hljóðar upp á 615.000 kr. leigugjald á mánuði. Stjórn óskaði eftir frekari upplýsingum um nokkur atriði samningsins áður en hann verður endanlega samþykktur. Í fyrsta lagi að 4. liður um að ákvæði um skilafrágang húsnæðis verði uppfært, í öðru lagi að upplýsingar um upphæð mánaðarlegs rekstrarkostnaðar húsnæðis í 5. lið liggi fyrir og í þriðja lagi að samið verði um breytingu á 6. lið samnings um tryggingar, þannig að við upphaf leigutíma verði greiddir þrír mánuðir og að í framhaldi verði greidd mánaðarleg leiga þannig að leigusali hafi ávalt 2-3 mánaða tryggingu fyrir leigugreiðslum.
Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að ganga til samninga við leigusala á grundvelli fyrirliggjandi leigutilboðs með tilliti til áðurnefndra breytinga.

4. Hlíðasmári 10, innréttingar og húsbúnaður
Framkvæmdastjóri lagði fram lista yfir þær fjárfestingar sem leggja þarf í til að innrétta húsnæði fyrir starfsemi Skóp. Um er að ræða uppsetningu á vegg til að skipta opnu rými ásamt kaupum á; skrifborðum, skrifborðsstólum, skilrúmum og vinnustöðvum (skjáir, lyklaborð o.fl.); fundarborðum og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026

fundarstólum; borðum og stólum í eldhús ásamt kaffi- og uppþvóttavél. Auk þess þarf að fjárfesta í netbúnaði, prentara, öryggiskerfi o.fl.
Ákveðið var að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hefji vinnu við að leita að notuðum en vel með förnum skrifstofubúnaði hjá samstarfsaðilum og aðilum sem sérhæfa sig í sölu á notuðum húsbúnaði og vörum til fyrirtækja.

8. Önnur mál
Rætt var um markaðsmál með áherslu að sækja fleiri þátttakendur í Skóp.
Kristján Ingi og Amý (stjórnarfólk) buðu fram aðstoð sína við að undirbúa markaðsaðgerðir með tillögum að framleiðslu efnis fyrir fjölmiðla og samfélagsmiðla. Ákveðið var að bíða með framleiðslu efnis þangað til að nýtt húsnæði verði tilbúið og leggja þá áherslu reynslusögur þátttakenda ásamt því að sýna nýja og verulega bætta aðstöðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026